

Raftónlist innblásin af íslenskri náttúru

● Íslenski raftónlistarmaðurinn Muted gefur út aðra breiðskífu sína

Axel Helgi Ívarsson
axel@mbl.is

Íslenski raftónlistarmaðurinn Muted, sem heitir réttu nafni Bjarni Rafn Kjartansson, hefur gefið út aðra breiðskífu sína og ber hún heitið *Empire*. Platan er aðgengileg á öllum helstu tónlistarveitum, t.d. Spotify, auk þess að koma út í takmörkuðu upplagi á vinyli, alls 150 eintök. Bjarni segir að nafn plötunnar sé vísun í íslenska náttúru.

Spurður um frekari útskýringar á tilvísuninni segir Bjarni: „Þegar maður hugsar um orðið „empire“ kemur konungur eða einhvers konar heimsveldi upp í hugann. Við Íslendingar erum svo heppnir með hvað við höfum fallega náttúru, ég er alinn upp fyrir austan þar sem er ekki langt að sækja í ósnortna náttúru. Ég sé þetta þannig fyrir mér að ég standi uppi á kletti og horfi yfir alla náttúrudýrðina, sem er okkar „empire“. Náttúran er því helsti innblástur minn þegar ég er að semja tónlist.“

Vill eiga áþreifanlegt eintak

Platan er kemur út í 150 vinyliplötueintökum og Bjarni segir, spurður hvers vegna hann gefi út á plötuformi í núverandi tónlistarumhverfi, að það sé einfaldlega eitthvað við það að hafa eintak af afkrastinum í höndunum.

„Segjum t.d. að ég gefi plötuna einungis út á Spotify, þá er ekkert víst eftir nokkra áratugi, þegar ég verð orðinn gamall maður, að platan verði til á einhverjum netþjóni hjá Spotify,“ segir hann. Heppilegra sé því að eiga áþreifanlegt eintak sem sé hægt að taka fram hvenær sem er þegar fram líði stundir.

Pá tekur Bjarni jafnframt fram að hann sé almennt mikill aðdáandi vinyliplata. „Ég gaf út fyrstu plötuna á hvítan vinyli og núna er ég að reyna að framkalla „glóandi hraun“ svo að segja á nýju vinyliplötunni, þannig hún verði appelsínugul með svörtum slettum yfir, en slík áferð er kennd við marmara.“

Í fullri vinnu með tónlistinni

Bjarni hefur unnið að plötunni í þrjú ár, en hann er búsettur í Tübingen í Þýskalandi, þar sem hann starfar sem kerfisstjóri hjá Max Planck Institute for Intelligent Systems.

„Fyrsta lagið var gert sumarið 2015, rétt áður en ég flutti til Þýskalands, og eftir það hef ég unnið að því hægt og bitandi að klára plötuna,“ segir Bjarni. Spurður hvernig gangi að tvinna



Ljósmynd/Aðsend

Að austan Bjarni segir að listamansnafnið Muted tengist tíma sínum á Egilsstöðum þegar hann var að byrja í tónlist. „Þar var enginn að spá í raftónlist og ég var því svolítið einn á báti. Það var hugsunin á bak við nafnið Muted, þ.e. einfari einhvers staðar fyrir austan að búa til tónlist,“ segir Bjarni.



Náttúra Steinunn Harðardóttir, þekkt sem Dj. flugvél og geimskip, málaði plötuumslag *Empire*. Umslagið sýnir helstu einkenni íslenskrar náttúru: fossa, snarbrött og veðursorfin fjöll, og mikið eldgos þrýðir bakhljóðina.

fullt starf sem kerfisstjóri saman við tónlistarferilinn segir hann það oft vera mikið púsluspil.

Fyrsta breiðskífa Bjarna, *Muted World*, kom út árið 2014 og segir hann vera talsverðan mun á tónlistinni á þeirri plötu og þeirri nýju. „Nýja platan er meira upplifandi og hjartari en fyrsta platan, sem var mjög þung. Það er miklu meiri jákvæðni í *Empire*,“ segir Bjarni.

Fjórar íslenskar söngkonur ljá rödd sína í lögum á plötunni. Það eru þær Steinunn Harðardóttir, einnig þekkt sem Dj. flugvél og geimskip, sem samdi textann auk þess að syngja lagið „Undraveröld“, Fanney Ósk Þórisdóttir syngur í laginu „Núna“, Ásdís María Viðarsdóttir syngur „Waiting for You“ og Jófríður Ákadóttir fer með lagið „Peaceful Sleep“. Þá málaði Steinunn umslag plötunnar, sem er einkar glæsilegt.

Jófríður tók þátt í einu lagi á fyrstu plötu Bjarna, *Muted World*, en hann segist aðspurður ekki hafa unnið með hinum tónlistarkon-

unum áður. „Ég hef kynnst þeim í gegnum tónlistina, t.a.m. endurhljóðblandaði ég fyrir Steinunni fyrir nokkrum árum og ég þekkti Fanneyju og Ásdís lítilla fyrir og vissi að þær gátu sungið en við höfum ekki unnið saman áður,“ segir Bjarni enn fremur.

Tilraunakennd raftónlist

Bjarni lýsir tónlist sinni sem tilraunakenndri raftónlist. „Ég dreg innblástur úr mörgum stefnum innan raftónlistar. Ég byrjaði tónlistarferil minn árið 2009 í „drum and bass“-tónlist en ég myndi ekki segja að ég notaði slíka tónlist á þessari plötu. Stundum þegar fólk spyr mig nánar út í hvað tilraunakennd raftónlist er segi ég að hún sé „downtempo“,“ segir Bjarni að auki, en það er tegund raftónlistar sem svipar að nokkru leyti til umhverfistónlistar (e. ambient music).

„Ég fíka mikið með hljóðgervla sem ég blanda saman við upptökur ásamt öðrum hljóðbótum þangað til ég er ánægður með útkomuna,“ segir Bjarni um tónlistina sem skapar plötuna *Empire*. Platan inniheldur 10 lög, sem mynda skemmtilegt ferðalag inn í raftónlistarhljóðheim Muted, segir Bjarni, og einkennist sá hljóð-

heimur af náttúru, tækni og vísindum. Hljóðblöndum var í höndum Muted og José Diogo Neves, sem einnig masteraði plötuna. Bjarni segir það hafa verið ómetanlegt að hafa Neves sér við hlið við gerð plötunnar.

Heldur utan um eigin útgáfu

Nýja platan er gefin út á vegum listamansins, sem heldur utan um eigið útgáfufyrirtæki. Spurður hvernig það hafi komið til að sjá sjálfur um útgáfu segir Bjarni að vegna þess hve margir séu að búa til raftónlist sé erfitt að komast að hjá útgáfufyrirtækjum. „Stórt útgáfufyrirtæki er kannski að fá þúsund tölvupósta á dag frá einhverjum gaurum eins og mér,“ segir Bjarni.

Hann gaf einnig út fyrstu plötuna sína sjálfur á vinyli og fékk þar fyrstu reynsluna af því hvernig er að eiga við plötupressu- og dreifingarfyrtæki. „Neyðin kennir naktri konu að spinna, er það ekki einhvern veginn þannig? Mig langaði að gefa út plötu og það reyndist erfitt að finna útgáfufyrirtæki að ég ákvað að prófa að gefa út plötuna sjálfur,“ segir Bjarni ákveðinn.

Útgáfutónleikar ekki á dagskrá

Spurður að lokum hvort hann ætli að halda útgáfutónleika svarar Bjarni að ekki standi til, eins og er, að halda útgáfutónleika. „Þetta er alltaf skritið tímabil þegar maður lýkur við plötu, sérstaklega eftir að hafa unnið lengi að henni. Mér líður eins og ég sé í lausu lofti en ég reikna með að byrja aftur fljótlega að setja saman tónlist fyrir nýja plötu og ákveða í hvaða átt ég vil fara með hana,“ segir Bjarni að endingu um næstu skref í tónlistinni.



Camilla Grebe fékk Glerlykilinn í ár



Camilla Grebe

Sænski rithöfundurinn Camilla Grebe hlaut Glerlykilinn í ár fyrir bókina *Husdjuret*, en verðlaunin voru afhent í 27. sinn um helgina. Grebe er sjötta konan sem vinnur Glerlykilinn. Verðlaunabókin fjallar „um lögreglukonuna Malin Brundin sem kemur til heima bæjar síns til að leysa mál sem snertir uppvaxtarár hennar sjálfar. Bókin er sjálfstætt framhald af *Álskaren frá huvudkontoret*“, segir í tilkynningu frá Hinu íslenska glæpafélagi.

Ljósmyndir í útrás



Húsnaði Fotografiska í London.

Einkasafnið Fotografiska, sem var opnað við sjávarstöðuna í Stokkhólmi árið 2010, hefur notið mikilla vinsælda. Safnið er helgað ljósmyndalistinni í sinni víðustu mynd og hyggjast eigendurnir nú færa út kvírnar. Síðar á árinu verður opnuð sýningarmiðstöðin Fotografiska London með sjö sýningarsölum í hinn nýju White Chapel-byggingu og er ætlunin að setja þar upp allt að 25 sýningar á ljósmyndaverkum á ári hverju. Þá er ætlunin að opna Fotografiska New York við Park Avenue á næsta ári.

Fallvarnarbúnaður

Fjölbreytt og gott úrval til á lager

TENNGAUGAR

FALLBLAKKIR

BELTI

Námskeið um fallvarnir fyrir viðskiptavini

Skoðanir og eftirlit á fallvarnarbúnaði

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is